



Formannafundur faghópa rammaáætlunar

7. fundur, föstudaginn 20. nóv.kl. 8:30 í iðnaðarráðuneytinu,

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Kristinn Einarsson, OS.

Fundarfrásögn

- Fundarefni** var staða matsvinnu faghópa og drög að lagarumvarpi um störf og niðurstöður rammaáætlunar.
- Drög að lagafrumvarpi.** Svanfríður gerði grein fyrir drögum að lagafrumvarpi sem liggur í iðnaðarráðuneytinu.
 - M.a. kom fram að í bráðabrigða ákvæði frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir að niðurstöður mats verkefnisstjórnar á forgangsröð virkjunarkosta verði lagðar fyrir fjölmarga samráðsaðila, þ.e. í raun alla þá sem hagsmuna eiga að gæta varðandi matið, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum áður en niðurstaðan fær þinglega meðferð í formi þingsályktunartillögu. Formönnum leist illa á þessa leið sem m.a. myndi kalla á mun ítarlegri rökstuðning faghópa en ráð er fyrir gert vegna þröngs tímaramma. Starfsmanni var falið að kanna hvernig Norðmenn hefðu staðið að kynningu á lokaniðurstöðum sinnar rammaáætlunar (*Samlet Plan for Vassdrag*) frá 1985.* Formenn munu lesa yfir greinargerð (skýringar) sem fylgja frumvarpsdrögum um aðferðafræði faghópa.
 - Kristinn Einarsson gerði athugasemdir við 5. gr. þar sem hann taldi að komið væri í veg fyrir rannsóknir á órannsókuðum svæðum og gerði þar með mat á umhverfisáhrifum að markleysu. Túlkun hans var að í raun yrði útilokað að gera frekari rannsóknir vegna virkjunarkosta er flokkuðust í „biðflokk“. Réttara væri að gera ráð fyrir að áform um frekari rannsóknir færu í mat á umhverfisáhrifum og yrði niðurstaða jákvæð mættu rannsóknir fara af stað en annars ekki. Umræður sköpuðust um þessa túlkun og voru skoðanir skiptar en talið að skoða þurfi þessa grein betur.
 - Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórn skili niðurstöðum sínum fyrir lok febrúar sem í raun þýðir í kringum 20. feb. Ítrekað var mikilvægi þess að lagafrumvarpið verði afgreitt frá Alþingi áður en niðurstöðurnar birtast.
- Staða mála í faghópum.** Rætt var stuttlega um stöðu matsvinnu í faghópum. Þóra ítrekaði þá skoðun að tímaramminn væri allt of þröngur en faghópur 1 myndi sleppa nokkrum kostum og jafnvel fara á hundavaði yfir suma til að standa við tímafrestinn. Hópurinn myndi freista þess að ljúka verðmætamati svæða fyrir jól. Aðdráttur gagna hefði kallað á verulega vinnu meðlima faghópsins milli funda. Í framhaldi af þessu snerist umræðan um þóknun til meðlima faghópanna. Kristinn upplýsti að iðnaðarráðuneytið hefði nýlega vísað málefni til þóknunarnefndar og gert tillögu um að meðlimir faghópa fengju sem næmi þriðjung af mánaðarþóknun formanna eða um 17.000 kr. á mann á mánuði fyrir fasta fundasetu. Vakti þessi tillaga mikla óánægju formanna.

4. **Endanlegt mat verkefnisstjórnar.** Svanfríður kvað það skoðun sína að formannahópurinn með þátttöku Sveinbjörns Björnssonar, formanns verkefnisstjórnar 1, áfanga, myndi í raun gera tillögu að endanlegri röðun allra virkjunarkosta og leggja fyrir verkefnisstjórn. Í skilabréfi með niðurstöðu verkefnisstjórnar myndu fylgja tillögur og ábendingar til ráðherra um hvernig haga bæri framvindu rammaáætlunar í framtíðinni.
5. **Efnisyfirlit lokaskýrslu.** Tímanlegt væri að gera drög að efnisyfirliti lokaskýrslu.
6. **Næstu fundir.** Svanfríður taldi að formenn faghópa þyrftu að funda oftár á lokaspretti vinnunnar.

-
- Í grein eftir Svein Tore Halvorsen, verkfræðing í norska umhverfisráðuneytinu og þátttakanda í norsku rammaáætluninni („The Master Plan for the Management of Watercourses in Norway“, *The Environmentalist*, Vol. 8, No. 1 (1988), bls. 44), lýsir hann aðkomu almennings þannig:

The municipalities, local interest organizations and relevant developers received both individual reports on watercourses [lýsingu og úttekt á mismunandi hagsmunum vatnasviða allra þeirra norsku áa sem teknar voru til mats, alls 285 skýrslur] and finally the Master Plan [endanlegar tillögur] for comments.“

Þannig fengu hagsmunaaðilar möguleika á að gera athugasemdir við loka tillögurnar áður en þær komu til kasta Stórþingsins.